

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.

1. gr.

Almennt.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt til aðila búsettra erlendis af vörum sem þeir hafa fest kaup á hér á landi að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Skilyrði endurgreiðslu.

Skilyrði endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari eru eftirfarandi:

- Kaupandi vöru er með lögheimili utan Íslands samkvæmt skráningu í Þjóðskrá Íslands.
- Kaupandi vöru hafi hana með sér af landi brott innan þriggja mánaða frá því að kaup áttu sér stað og framvísi henni ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum við brottför, sbr. 1. og 2. mgr. 5. gr.
- Kaupverð vöru, einnar eða fleiri, samkvæmt sölureikningi, með virðisaukaskatti nemi minnst kr. ~~6.000~~ 12.000.
- Seljandi vöru sé skráður á virðisaukaskattskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.

3. gr.

Heimild til að annast endurgreiðslur.

Umsókn um leyfi til að annast endurgreiðslur samkvæmt reglugerð þessari skal beint til ~~Tollstjóra~~ Tollyfirvalda. Einungis þeim sem hlotið hafa leyfi ~~Tollstjóra~~ Tollyfirvalda er heimilt að annast endurgreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

Endurgreiðsluaðilar skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Umsækjandi skal vera lögaðili og ekki vera í vanskilum við ríkissjóð með greiðslu opinberra gjalda eða skatta.
- Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa gengist undir sátt eða hlotið dóm vegna brota á tollalögum eða hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum. ~~Tollstjóra~~ Tollyfirvöldum er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
- Daglegur stjórnandi endurgreiðsluaðila skal fullnægja skilyrðum b-liðar.
- Endurgreiðsluaðili skal sýna fram á að stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna vegna starfseminnar verði með traustum hætti.

~~Tollstjóri~~ Tollyfirvöld ~~getur~~ geta afturkallað starfsleyfi skv. 1. mgr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði eða vanræki skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Fyrirkomulag endurgreiðslna.

~~Tollstjóri~~ Tollyfirvöld ~~staðfestir~~ staðfesta fyrirkomulag endurgreiðslna, þ.m.t. form endurgreiðsluávísana ef um þær er að ræða.

Í þeim gögnum sem notuð eru við framkvæmd endurgreiðslna skal a.m.k. eftirtalið koma fram:

- Nafn, kennitala og skráningarnúmer seljanda.
- Dagsetning kaupa á vöru.
- Vörutegund og magn.
- Verð vörunnar með virðisaukaskatti.

e. Nafn, vegabréfsnúmer, þjóðerni og heimilisfang kaupanda.

Seljandi Endurgreiðsluávisun skal festa fylgja greiðslukvittun áreiðanleg sjóðsvélar og rekjanleg kvittun eða reikningur fyrir greiðslu. Orðin áreiðanleiki og rekjanleiki ber að skýra til samræmis við frumrit reglugerð endurgreiðsluávisunar nr. 505/2013, um rafræna reikninga, rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónustu, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga- og bókhaldskerfa.

5. gr.

Framkvæmd endurgreiðslna.

Við brottför úr landi um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík skal kaupandi framvísa vörum ásamt endurgreiðslugögnum, sbr. 4. gr., til endurgreiðsluaðila, sem hefur leyfi skv. 3. gr., er framkvæmir endurgreiðsluna enda séu skilyrði reglugerðar þessarar að öðru leyti uppfyllt. Endurgreiðsluaðila er óheimilt að endurgreiða virðisaukaskatt nema kaupandi sanni með fullnægjandi hætti að hann hafi fasta búsetu erlendis, sbr. a. lið 2. gr. Ef fjárhæð endurgreiðslu er hærrí en kr. 5.000 skulu tollyfirvöld Tollyfirvöld staðfesta útflutninginn með þeim hætti sem þau ákveða og meta á hverjum tíma þá fjárhæð sem er sett til viðmiðunar þeirri framkvæmd. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu jafnframt gilda við brottför ferðamanna frá öðrum stöðum, ef aðili sem hlotið hefur heimild skv. 3. gr. annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti við brottför.

Við brottför annars staðar frá landinu skal vörum framvísað við tollyfirvöld sem ganga úr skugga um, og staðfesta, að skilyrði fyrir endurgreiðslu séu fyrir hendi.

Endurgreiðsla skv. 1. og 2. mgr. fer eingöngu fram við eða eftir brottför úr landi. Endurgreiða Endurgreiðsla skal að lágmarki þá vera fjárhæð í samræmi við fjárhæðir og viðmið sem tilgreind birt er eru í töflum á fylgiskjali með reglugerð þessari. Sama gildir ef vörusala á sama sölureikningi ber bæði 24% og 11% virðisaukaskatt.

6. gr.

Uppgjör endurgreiðsluaðila.

Endurgreiðsluaðili, sbr. 3. gr., skal fyrir 20. hvers mánaðar skila tollstjóra tollyfirvöldum skýrslu, á því formi sem hann tollyfirvöld ákveður ákveða, vegna endurgreiðslna á tímabilinu frá 1. til 15. þess mánaðar. Jafnframt skal hann fyrir 5. dag næsta mánaðar senda tollstjóra tollyfirvöldum skýrslu vegna endurgreiðslna á tímabilinu frá 16. degi til loka mánaðar. Endurgreiðsluaðili skal láta tollyfirvöldum í té staðfestingu á endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, sé eftir því kallað. Fallist tollstjóri tollyfirvöld á skýrsluna skal endurgreiðsluaðili fá endurgreidda heildarfjárhæð þess virðisaukaskatts sem aðilar búsettir erlendis hafa greitt af keyptri vöru samkvæmt uppgjörsskýrslu.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðslan greidd út innan tíu daga frá lokum skilafrests skv. 1. mgr. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan tíu daga frá því að tollstjóri tollyfirvöld samþykkti samþykktu greiðslu. Geti tollstjóri tollyfirvöld, af ástæðum er varða endurgreiðsluaðila, ekki gert nauðsynlegar athuganir á uppgjörsskýrslu eða gögnum sem skýrslugjöf byggist á, framlengist framangreindur greiðslufrestur þar til úr þeim annmörkum hefur verið bætt.

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst tollstjóra tollyfirvöldum eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

7. gr.

Ofgreiðsla til endurgreiðsluaðila.

Komi í ljós að greiðsla til endurgreiðsluaðila hafi verið of há skal skulu tollstjóri tollyfirvöld þegar tilkynna endurgreiðsluaðila þar um. Endurgreiðsluaðila ber að endurgreiða það sem ofgreitt var eigi síðar en sjö dögum eftir dagsetningu tilkynningar tollstjóra tollyfirvalda. Um dráttarvexti vegna of hárrar greiðslu fer eftir lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

8. gr.

Varðveisla gagna.

Endurgreiðsluaðila ber að varðveita endurgreiðsluávisanir, uppgjör og önnur gögn er varða endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt reglugerð þessari í sjö ár frá lokum viðkomandi árs. Heimilt er að varðveita gögn skv. 1. málsl. með rafrænum hætti.

9. gr.

Eftirlit.

Tollstjóri Tollyfirvöld hefur hafa eftirlit með framkvæmd endurgreiðslna samkvæmt reglugerð þessari. Endurgreiðsluaðilum er skylt að láta tollstjóra tollyfirvöldum í té ókeypis og á því formi sem hann þau óskar óska eftir allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem varða framkvæmd endurgreiðslna.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. febrúar 2015. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.

Þau endurgreiðsluform sem staðfest voru fyrir gildistöku reglugerðarinnar halda gildi sínu til 1. júlí 2015. Sama gildir um leyfi skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 294/1997, sem veitt voru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 5. gr. skal endurgreiðsluaðilum heimilt að afgreiða endurgreiðsluumsóknir á þeim afgreiðslustöðvum innanlands sem þegar eru starfræktir til 1. júlí 2015, enda sé um að ræða endurgreiðslufjárhæð sem er lægri en kr. 5.000.

- Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. desember 2014. -

- F. h. r. -

- Marianna Jónasdóttir. -

- Guðrún Þorleifsdóttir. -

FYLGISKJAL

A.

A. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum sem bera 24% virðisaukaskatt.

6.000 12.000	-	7.500 13.500	850	52.501 - 54.000	7.150
7.501 - 9.000			1.050	54.001 - 55.500	7.350
9.001 - 10.500			1.250 1.650	55.501 - 57.000 57.000	7.550
10.501 13.501	-	12.000 15.000	1.450 1.850	57.001 - 58.500 58.500	7.800
12.001 15.001	-	13.500 16.500	1.650 2.050	58.501 - 60.000 60.000	8.000
13.501 16.501	-	15.000 18.000	1.850 2.250	60.001 - 61.500 61.500	8.200
15.001 18.001	-	16.500 19.500	2.050 2.450	61.501 - 63.000 63.000	8.400
16.501 19.501	-	18.000 21.000	2.250 2.600	63.001 - 64.500 64.500	8.650
18.001 21.001	-	19.500 22.500	2.450 2.800	64.501 - 66.000 66.000	8.850
19.501 22.501	-	21.000 24.000	2.600 3.000	66.001 - 67.500 67.500	9.100
21.001 24.001	-	22.500 25.500	2.800 3.200	67.501 - 69.000 69.000	9.300
22.501 25.501	-	24.000 27.000	3.000 3.400	69.001 - 70.500 70.500	9.500
24.001 27.001	-	25.500 28.500	3.200 3.600	70.501 - 72.000 72.000	9.750
25.501 28.501	-	27.000 30.000	3.400 3.850	72.001 - 73.500 73.500	9.950
27.001 30.001	-	28.500 31.500	3.600 4.050	73.501 - 75.000 75.000	10.150
28.501 31.501	-	30.000 33.000	3.850 4.250	75.001 - 76.500 76.500	10.400
30.001 33.001	-	31.500 34.500	4.050 4.450	76.501 - 78.000 78.000	10.600
31.501 34.501	-	33.000 36.000	4.250 4.650	78.001 - 79.500 79.500	10.850
33.001 36.001	-	34.500 37.500	4.450 4.850	79.501 - 81.000 81.000	11.050
34.501 37.501	-	36.000 39.000	4.650 5.050	81.001 - 82.500 82.500	11.300
36.001 39.001	-	37.500 40.500	4.850 5.250	82.501 - 84.000 84.000	11.500
37.501 40.501	-	39.000 42.000	5.050 5.450	84.001 - 85.500 85.500	11.750
39.001 42.001	-	40.500 43.500	5.250 5.650	85.501 - 87.000 87.000	11.950
40.501 43.501	-	42.000 45.000	5.450 5.900	87.001 - 88.500 88.500	12.200
42.001 45.001	-	43.500 46.500	5.650 6.100	88.501 - 90.000 90.000	12.400
43.501 46.501	-	45.000 48.000	5.900 6.300	90.001 - 91.500 91.500	12.650
45.001 48.001	-	46.500 49.500	6.100 6.500	91.501 - 93.000 93.000	12.850
46.501 49.501	-	48.000 51.000	6.300 6.700	93.001 - 94.500 94.500	13.100
48.001 51.001	-	49.500 52.500	6.500 6.950	94.501 - 96.000 96.000	13.300
49.501 52.501	-	51.000 54.000	6.700 7.150	96.001 - 97.500 97.500	13.550
51.001 54.001	-	52.500 55.500	6.950 7.350	97.501 - 99.000 99.000	13.800

Ef sölufjárhæð fer yfir 99.000 kr. skal endurgreiða 14% af sölufjárhæð. Ef aðeins hluti vara á sölureikningi ber 24% virðisaukaskatt og sölufjárhæð þess hluta nemur minna en kr. 12.000 skal endurgreiða 13% af þeirri fjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í ~~hundraðum~~ heilum fimm tugum króna.

D.

B. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum sem bera 11% virðisaukaskatt.

6.000 12.000	-	7.500 13.500	400	28.501 - 30.000	-1.950
7.501 - 9.000			500	30.001 - 31.500	-2.050
9.001 - 10.500			600 800	31.501 - 33.000 33.000	2.150
10.501 13.501	-	12.000 15.000	700 900	33.001 - 34.500 34.500	2.250
12.001 15.001	-	13.500 16.500	800 1.000	34.501 - 36.000 36.000	2.350
13.501 16.501	-	15.000 18.000	900 1.100	36.001 - 37.500 37.500	2.500
15.001 18.001	-	16.500 19.500	1.000 1.200	37.501 - 39.000 39.000	2.600
16.501 19.501	-	18.000 21.000	1.100 1.300	39.001 - 40.500 40.500	2.700
18.001 21.001	-	19.500 22.500	1.200 1.400	40.501 - 42.000 42.000	2.800
19.501 22.501	-	21.000 24.000	1.300 1.500	42.001 - 43.500 43.500	2.900
21.001 24.001	-	22.500 25.500	1.400 1.600	43.501 - 45.000 45.000	3.050
22.501 25.501	-	24.000 27.000	1.500 1.700	45.001 - 46.500 46.500	3.150
24.001 27.001	-	25.500 28.500	1.600 1.850	46.501 - 48.000 48.000	3.250
25.501 28.501	-	27.000 30.000	1.700 1.950	48.001 - 49.500 49.500	3.400
27.001 30.001	-	28.500 31.500	1.850 2.050		

Ef sölufjárhæð fer yfir 49.500 kr. skal endurgreiða 7% af sölufjárhæð. Ef aðeins hluti vara á sölureikningi ber 11% virðisaukaskatt og sölufjárhæð þess hluta nemur minna en kr. 12.000 skal endurgreiða 6% af þeirri fjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í ~~hundraðum~~ heilum fimm tugum króna.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.